

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. febrúar 2022.

Staður: Haldinn á Teams.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.17.40.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson, Viðar Halldórsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Sýlvía Ósk Speight. Forföll: Aðalbjörg Óladóttir og Már Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

1. Afrekssjóður ÍBH 2021

Farið yfir úthlutanir, samtals kr. 9.760.000, umsóknir sem var hafnað, tekjur sjóðsins 2021, eignarstöðuna 31. desember 2021 og tekjuáætlun 2022. Stjórn ÍBH leggur til við stjórn Afrekssjóðs ÍBH að reglugerðin um sjóðinn verði óbreytt árið 2022.

2. ÍSÍ – Lottógreiðsla auka 2022

Þann 27. janúar 2022 greiddi ÍSÍ lottó auka greiðslu frá Íslenskri getsþá til sambandsaðila að upphæð kr. 98.007.000, hlutur ÍBH er kr. 5.191.400. Stjórn ÍBH samþykkti að greiða upphæðina til aðildarféлага ÍBH eftir skiptireglum ÍBH um lottótekjur.

3. Erasmus+ Sport

Rannískyninging á Erasmusstyrkjum rædd. Íþróttahluti Erasmus+ hefst á næsta ári 2023. Framkvæmdastjóri ÍBH sendir glærur af kynningunni á aðildarfélög ÍBH.

4. Stjórnarskírteini ÍBH 2021-2023

Afhent stjórnarfólki ÍBH. Skírteinið veitir stjórnarfólki ÍBH ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum á bandalagssvæðinu árin 2021-2023.

5. Almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ - Slöbbum saman og Lífshlaupið

Slöbbum saman er frá 15. janúar – 15. febrúar 2022 og hefur verið kynnt vel í fjölmiðlum. Landsmenn eru hvattir til að drífa sig út að labba eða hreyfa sig úti. Lífshlaupið er 2. – 22. febrúar 2022. Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra landsmanna. Lífshlaupið skiptist í fjóra keppnisflokkar: Vinnustaðakeppni, framhaldsskólakeppni, grunnskólakeppni og einstaklingskeppni, sjá nánar á heimasíðu verkefnisins, www.lifshlaupid.is.

6. Siðareglur og hegðunarviðmið ÍBH á íslensku, ensku og pólsku

Eru komin á heimasíðu ÍBH www.ibh.is, undir, lög – reglugerðir – stefnur.

7. Vorfjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun allra stiga

Hefst mánudaginn 14. febrúar nk. upplýsingum hefur verið komið til aðildarféлага ÍBH. Framtakið er vel útfært af hálfu ÍSÍ og aðsóknin góð að hálfu aðildfélaga ÍBH, sem umsóknir um íþróttastyrki fyrir 18 ára og yngri sýna.

8. Starfsskýrsluskil í nýju kerfi

Bréf barst frá ÍSÍ 25. janúar 2022 um að starfsskýrsluskil fyrir 15. apríl 2022 yrðu ekki í Felixkerfið heldur í nýtt kerfi sem verður hluti af Sportabler kerfinu. Upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH. Umræður um Sportabler kerfið, félögin eru að greiða háar upphæðir fyrir að nota kerfið í dag.

9. Húsaleigustyrkir frá Hafnarfjarðarbæ 2021

Umræður um yfirlitsblað yfir húsaleigustyrki (innri leigu) frá Hafnarfjarðarbæ, skráðir styrkir til íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði eru samtals kr. 378.159.000.

10. Verkefni stjórnar ÍBH

a). ALS og HM kynntu starf nefndar um íþróttakynningar og samfélagsmiðla.

b). ALS og AKA sögðu frá því að nefnd um fyrirmyndarfélag ÍSÍ væri að undirbúa að hefja störf.

c). MG og SÓS tóku fram að nefnd um viðbragðsteymi íþróttafélaga í Hafnarfirði myndi hefja störf í lok febrúar.

11. Önnur mál

a). MG vakti athygli á því að ársþing KSÍ færi fram á Ásvöllum laugardaginn 26. febrúar 2022 og væri verið að skoða hvort halda ætti málþing í tengslum við ársþingið einnig á Ásvöllum föstudaginn 25. febrúar nk.

b). MG hóf umræður um að æskilegt væri að hefja samtal við Hafnarfjarðarbæ um áframhaldandi viðbótarstuðning við íþróttafélög bæjarins vegna covid.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.